

## Reglugerð um flokkaárangur

### 1. gr.

Mót sem teljast gild til flokkunar eru eftirfarandi.

1. Öll heilskotamót sem keppt er í á vegum STÍ og fylgja móta og keppnisreglum í viðkomandi keppnisgrein.
2. Erlend mót þar sem keppni stenst móta og keppnisreglur STÍ.
3. Félög geta sótt um að mót séu gild til flokkunar þó að þau séu ekki á mótaskrá STÍ að tilskildum eftirfarandi skilyrðum.
  - a) Að sótt sé um til STÍ minnst 30 dögum fyrir mótisdag.
  - b) Að þau standist móta og keppnisreglur STÍ.
  - c) Að ítarlegri mótaskýrslu sé skilað til STÍ eigi síðar en 15 dögum eftir mótislok.

### 2. gr.

#### Tilhögun.

1. Árangur skal metin úr hverju móti fyrir sig, fyrir final.
2. Keppandi skal í byrjun hvers keppnistímabils keppa í þeim flokki er hann náði árangri til á síðastliðnu keppnistímabili. **Keppandi fellur aldrei um flokk.**

### 3.gr.

#### Flokkar STÍ.

1. Til meistaraflokks skal árangur í Ólympískum greinum vera gildandi MQS, Ólympíulágmark IOC og ISSF. Í öðrum greinum skv. ákvörðun stjórnar STÍ.
2. Til að ná viðurkenningu í hvern flokk þarf lágmarks heildarárangur að vera samkvæmt Flokkastaðli STÍ á hverjum tíma.

#### **4.gr.**

##### **Skráning flokka.**

1. STÍ er skylt að sjá um skráningu á nýjum flokkaárangrum, og er ábyrgt fyrir að keppendur séu rétt flokkaðir.
2. Í byrjun hvers keppnistímabils skal flokkaskrá STÍ liggja fyrir í viðkomandi keppnisgreinum.

#### **5.gr.**

##### **Viðurkenningar.**

STÍ skal sjá til þess að til séu viðurkenningar fyrir flokkaárangur, flokkamerki og/eða heiðurskjöl.